



Tekjustig og þróun tekna innan atvinnugreina er mjög mismunandi

Samkvæmt gögnum Hagstofunnar hækkuðu staðgreiðsluskyld laun allra á vinnumarkaði (launasumman), um 8,4% milli fyrstu tíu mánaða 2020 og 2021. Fjöldi launafólks sem fékk staðgreiðsluskyldar greiðslur fyrstu tíu mánuði 2021 var nær óbreyttur frá sama tíma 2020, þannig að meðallaun hækkuðu talsvert.

Út frá gögnum Hagstofunnar er hægt að reikna meðallaun í hinum ýmsu atvinnugreinum. Fyrirvarar eru þó margir á þeim útreikningum, t.d. er mjög mismunandi eftir greinum hve stórt hlutfall starfsfólks er í hlutastörfum og þá er vinnumagn á bak við tekjur einnig mismunandi, mismunandi menntunarstig, kynjaskipting o.s.frv. Tölurnar sýna því meðallaun alls starfsfólks í viðkomandi greinum án nokkurrar mælinga á vinnumagni þess eða samsetningu.


Meðaltekjur á mánuði mjög mismunandi

Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru meðaltekjur á mánuði fyrstu 10 mánuði ársins 2021 um 434 þús. kr. á mánuði. Af þeim greinum sem hér eru sýndar voru meðaltekjurnar langhæstar í fjármála- og váttryggingarþjónustu og í sjávarútvegi (veiðar og vinnsla saman). Meðaltekjur í þessum greinum eru meira en tvöfalt hærri en að meðaltali á vinnumarkaðnum og enn þar er minna á að þar er ekki tekið tillit til vinnumagns á bak við tekjur. Það er líka athyglisvert að allar þær greinar sem hér eru sýndar eru með hærri meðaltekjur en meðaltalið.


Breyting meðallauna milli ára

Á milli 2020 og tíu fyrstu mánaða ársins 2021 hækkuðu meðaltekjur allra á vinnumarkaði um 2,7%. Af þeim greinum sem hér eru sýndar hækkuðu tekjurnar mest í ferðaþjónustu, um 8,6%. Tekjurnar hækkuðu um 6-7% í sjávarútvegi, opinberri stjórnsýslu og heild- og smásölu. Fjármála- og váttryggingarstarfsemin er með mikla sérstöðu meðal þessara greina, en þar voru tekjur nær óbreyttar á milli ára.

Meðaltekjur á mánuði - jan-okt '21



Breyting meðallauna 2020-2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Í nýlegri [Hagsjá](#) kom fram að launasumman í ferðaþjónustu hafi lækkað um 2,6% milli fyrstu 10 mánaða 2020 og 2021 og að starfsfólki hafi fækkað um 11,8%. Meðallaunin hafa því hækkað talsvert í greininni sem hefur búið við miklar sveiflur síðustu ár. Í *Hagsjám* hefur nokkrum sinnum verið fjallað um erfiðleika við mönnun starfa í ferðaþjónustu.

Horft til lengri tíma

Sé litið yfir lengri tíma má sjá að meðallaun hafa hækkað með nokkuð reglubundnum hætti í öllum greinum á tímabilinu frá 2015. Einu undantekningarnar eru í sjávarútvegi í upphafi tímabilsins og í ferðaþjónustunni eftir 2019.


Að meðaltali hafa tekjur allra á vinnumarkaði hækkað um rúm 25% frá 2015. Af þeim greinum sem hér eru sýndar hafa tekjur hækkað mest í opinberri stjórnsýslu, eða um rúm 41%. Þar á eftir koma ferðaþjónustan og heild- og smásala.

Af þessum greinum er fjármála- og váttryggingarstarfsemin aftur með töluverða sérstöðu og þar hafa tekjurnar hækkað mun minna en í hinum greinum.

Mismunandi þróun innan greina


Þessar tölur sýna að tekjustig og þróun tekna innan hinna ýmsu atvinnugreina er mjög mismunandi. Þarna skipta ýmsir þættir máli. Þar má t.d. nefna útfærslu síðustu kjarasamninga með krónutöluhækkunum sem felur í sér að laun hafa hækkað minna á síðustu þremur árum í þeim greinum þar sem tekjur eru hæstar.

Meðallaun



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Breyting meðallauna 2015-2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.